

Reykjavík 9. maí 2016

Til bæjarráðs Garðabæjar

v/húsnæðis til að starfrækja vinnustofu fyrir leiklist og aðrar sviðslistir

Við undirrituð höfum hug á að gera tilraun til þess að starfrækja vinnustofu þar sem leikarar og aðrir sviðslistamenn fengju tækifæri til þess að þróa og efla vinnuaðferðir sínar og listræna færni. Erindi okkar við bæjarráð Garðabæjar er að fara þess á leit við bæinn að kanna hvort á vegum hans sé að finna húsnæði sem henta myndi til þessarar starfsemi og við gætum fengið afnot af gegn vinnuframlagi í formi leiklistar- og símenntunarstarfs í bænum á sem breiðustum grundvelli.

Hugmyndin er að bjóða í nefndri vinnustofu upp á samfellt námskeiðshald þar sem fólk fær tækifæri til þess að þjálfast í því að koma fram á leiksviði í skapandi og listrænan hátt. Boðið yrði upp á námskeið í raddþjálfun og textatúlkun svo og líkamsþjálfun sem miðar að því að þátttakendur þjálfist í því að tjá sig á leiksviði á meðvitaðan hátt.

Jafnframt yrði unnið að sviðsetningu verka til sýninga fyrir almenning.

Markmiðið með vinnustofunum er á þessu stigi einkum tvenns konar:

- a) að til verði fastur leikhópur 6 til 8 leikara sem myndi þjálfast í því að vinna saman og þróa eina til tvær leiksýningar á ári hverju
- b) að allur sá fjöldi fólks sem hefur aflað sér menntunar og þjálfunar á sviði leiklistar án þess að hafa síðan af því fast starf fái tækifæri til þess að vinna að list sinni og þroskast sem listamenn

Fyrsta kastið myndum við undirrituð leiða vinnustofurnar en jafnframt fá til liðs við okkur innlenda og erlenda listamenn og kennara eftir því sem tækifæri gæfist til.

Við leitum til Garðabæjar vegna þess að við höfum trú á því að leiklistarvinnustofa af þessu tagi myndi efla ásýnd bæjarins sem menningarbæjar þar sem áhersla er lögð á sjálfstæða og skapandi sýn á listræna vinnu. Sjái bæjarráð sér fært að greiða götu okkar í þessu efni myndum við óska eftir því að gera um húsnæðið samning til að minnsta kosti eins árs en þó helst þannig að tækifæri gæfist til þess að láta reyna á hugmyndina í að minnsta kosti tvo starfsvetur, þ.e. 2016-2017 og 2017-2018.

Ef hugmynd okkar hlýtur brautargengi hjá bæjarráði og getur orðið að veruleika langar okkur til að fá leyfi bæjarráðs til þess að nefna vinnustofuna Leiksmiðja Garðabæjar.

Með fyllstu virðingu og von um jákvæðar undirtektir við erindi okkar.

Hrefna Lind Lárusdóttir

Trausti Ólafsson

Guðrún Kristinsdóttir

Hjálögð eru sérstök skjöl með helstu atriðum úr ferilskrá okkar.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 24.03.2026